

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, mánudaginn 3. apríl 2023 og hófst kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Jóhann R. Kristjánsson, Luciano Dutra og Steinunn Stefánsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing 2023

Rætt var um fyrirlesara á málræktarþingi sem verður haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 28. september. Haldin verða sex 10 mínútna erindi. Málræktarþingið mun fjalla um fjölmenningsamfélagið.

2) Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2023

Kynnt voru drög að ályktun um stöðu íslenskrar tungu fyrir árið 2023.

3) Leiðbeiningar vegna málstefnu

Farið var yfir drög að leiðbeiningum við mótun málstefnu fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir.

4) Önnur mál

Formaður kynnti stöðu vormálþings.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17:45

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.